



Sauðárkróki, 29. mars 2019

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur nauðsynlegt að Alþingi geri nauðsynlegar endurbætur á frumvarpi um breytingar á lögum um fiskeldi þannig að það samræmist stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að gætt skuli varúðar við uppbyggingu fiskeldis á Íslandi og stuðlað að sjálfbærni með vernd lífríkisins að leiðarljósi.

Í Sveitarfélaginu Skagafirði hafa tekjur íbúa af laxveiði og tengdri þjónustu aukist á liðnum árum og um tekjur að ræða sem skipta verulegu máli fyrir eigendur margra jarða, ekki síst sauðfjárnændur sem mátt hafa þola miklar skerðingar á lífskjörum síðustu ár og horfa fram á mikla óvissu framundan um sína afkomu. Það er því mikið hagsmunamál fyrir samfélagið í Skagafirði að tekið sé mið af þýðingu villtra laxastofna fyrir afkomu íbúa í héraðinu þegar Alþingi tekur frumvarpið til efnislegrar umfjöllunar. Vakin er athygli á því að ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélög þar sem stór hluti íbúa á lífsafkomu sína að stóru eða öllu leyti undir tekjum af veiðihlunnindum. Er hér bæði átt við hlunnindi af laxveiði og öðrum tegundum laxfiska sem einnig geta orðið fyrir skakkaföllum ef ekki verður að gætt. Mikilvægt er að horft sé til þess að náttúran sé látin njóta vafans og þess að íslenskir laxastofnar og laxfiskar eigi sjálfstæðan rétt til að þróast áfram á sínum forsendum, en einnig svo að komandi kynslóðir geti notið þeirra. Þess má geta að frumvarpið samræmist vart markmiðsyfirlýsingu núgildandi fiskeldislaga sem felur í sér að vöxtur og viðgangur fiskeldis megi ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í athugasemdum frumvarpsins sem varð að lögum nr. 71/2008 er sérstaklega tekið fram að þegar ekki fara saman hagsmunir þeirra sem eiga veiðirétt samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem stunda fiskeldi eigi þeir síðarnefndu að víkja.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur að uppbygging fiskeldis á Íslandi þurfi að vera fyrirsjáanleg og byggja á bæði sérfræðiþekkingu úr nærsamfélagi viðkomandi sveitarfélaga og ráðgjöf stofnana ríkisins, svo unnt sé að ná meiri sátt um atvinnugreinina. Byggðarráð áréttar mikilvægi þess að gætt sé fyllstu varfærni í aukningu fiskeldis í sjó þannig að ekki verði unninn óafturkræfur skaði á þeirri sérstöðu sem Ísland hefur í okkar heimshluta vegna hinna einstöku villtu laxastofna sem styrkja búsetu og veita atvinnu í gegnum verðmætar laxveiðiár. Sérstaklega er hvatt til þess að stjórnvöld hafi það að sérstöku átaksverkefni að stuðla að uppbyggingu umhverfisvænni leiða í fiskeldi, eins og lokuðum sjókvíum, landeldi og eldis á ófrjóum laxi, svo sem hvað varðar stuðning við þróunarstarf, lagasetningu og gjaldtöku.

Lögð er áhersla á að ákvarðanir og mat á forsendum og úrvinnslu gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggist á, sé í höndum vísindamanna sem gerst þekkja til og Hafrannsóknastofnunar, en verði ekki fært til leikmanna sem ekki hafa til þess fagþekkingu eða ráðherra sjálfs, eins og vísir virðist að í frumvarpinu með skipan svonefndrar samráðsnefndar um þessi efni. Bent er á að slíkt gengur gegn öðrum kafla laganna um náttúruvernd sbr. meginreglur um vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku. Leikreglur og umgjörð þarf að vera skýr og byggjast á vísindalegum grunni. Nú liggur fyrir nýlegt áhættumat sem ekki er komin reynsla á og ekkert sem kallar á að það



verði tekið strax aftur til endurskoðunar. Að lokum er tekið undir það sem segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar:

„Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein sem felur í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þarf að byggja upp með ýtrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Samhliða vexti greinarinnar þarf að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og eðlilega vöktun áhrifa á lífríki.“

F.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar,

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri